

Starfsreglur starfsmenntanáms (búfræði og garðyrkjubrauta) við Landbúnaðarháskóla Íslands

Almennt

Samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með áorðnum breytingum veitir Landbúnaðarháskóli Íslands starfs- og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann. Þá skal háskólinn miðla fræðslu til almennings og veita samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Leitað er samráðs fagnefnda um skipulag og innihald námsins, sem og endurmenntunar sbr. 11. gr.

Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri. Auk grunnskólaprófs eða sambærilegrar menntunar skal umsækjandi hafa lokið minnst 36 einingum í framhaldsskóla. Breytilegt er eftir námsbrautum hvaða áföngum æskilegt er að umsækjandi hafi lokið. Eftirtaldir áfangar eru meðal þess sem æskilegt er að umsækjandi hafi lokið: Námsstækni 101, Íslenska 102/103, Danska 102, Enska 102, Líffræði 102/103, Stærðfræði 102/103, Skyndihjálpi 101. Enn fremur er æskilegt að nemendur garðyrkjubrauta hafi lokið Efnafræði 102, Bókfærslu 102/103 og áfanga í tölvunotkun. Nemendum garðyrkjubrauta sem ekki standa vel að vígi í þessum greinum skal bent á að þeim gefst kostur á því að taka þær í fjamámi meðfram reglulegu námi. Heimilt er að víkja frá þessum reglum hafi umsækjandi náð 25 ára aldri og hafi auk þess mikla starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein. Umsækjendur búfræðibrautar hafi reynslu af landbúnaðarstörfum. Umsækjendur garðyrkjubrauta skulu hafa lokið að minnsta kosti 12 vikum af 60 vikna dagbókaskyldu verknámi. Auk þess er æskilegt að þeir hafi unnið a.m.k. 12 vikur (reynslutími) í garðyrkju. Umsækjendur um nám leggi fram skriflega beiðni um inntöku, studda gögnum er sýna að inntökuskilyrðum sé fullnægt. Umsækjendur garðyrkjubrauta þurfa einnig að skila inn vottorði um starfsreynslu (reynslutíma) og ósk um samþykki verknámsstaðar (staðfestur námssamningur á skráðgarðyrkjubraut). Umsóknir skulu berast kennsluskrifstofu skv. auglýsingum þar um. Til að hljóta innritun þarf nemandi að standa skil á skrásetningargjöldum skv. lögum nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu.

Mat á fyrra námi

Nemendur sem áður hafa lokið einstökum námsáföngum geta sótt um að fá metna þá áfanga sem eru sambærilegir námsáföngum starfsmenntanáms að mati skólans. Kennsluskrifstofa framkvæmir matið og hefur kennslunefnd heimild til að gera kröfu um lágmarkseinkunn í viðkomandi áföngum. Námskylda viðkomandi minnkar þá sem þessum einingum nemur en að jafnaði stytir slíkt mat ekki námstíma. Skólinn metur ekki inn nám í faggreinum eldra en 10 ára en nemandi með mikla reynslu á viðkomandi sviði getur farið fram á að taka stöðupróf í viðkomandi fagi til að sýna fram á þekkingu sína.

Skipulag námsins

4.1 Búfræðibraut

1. námsönn: Grunnám á Hvanneyri
2. námsönn: Grunnám á Hvanneyri og námsdvöl á kennslubúi

3. námsönn: Námsdvöl á kennslubú og nám á Hvanneyri

4. námsönn: Nám á Hvanneyri

Heildarnámstími spannar tvö ár. Frá byrjun september, þegar nám á 1. önn hefst og fram í miðjan maí á 2. námsári, þegar

4. önn lýkur. Alla jafna er námshlé frá því námsdvöl lýkur og þar til síðari hluti 3. annar hefst í september.

4.2 Garðyrkjubrautir

1. námsönn: Nám á Reykjum

2. námsönn: Nám á Reykjum

3. námsönn: Nám á Reykjum

4. námsönn: Nám á Reykjum

Heildarnámstími eru þrjú og hálf ár, tvö ár á Reykjum og alls 72 vikur í verknámi, þar af 12 vikna reynslutími. Milli 2. og

3. annar er gert ráð fyrir því að nemendur séu í verknámi á verknámsstað.

Kennslufyrirkomulag

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verkefnatímum, dæmatímum, verklegum æfingum, námsdvöl, verknámi og námsferðum.

Um kennslustundir gildir eftirfarandi:

- Hver kennslustund er 40 mínútur.

- Hverri einingu eru ætlaðar 20-26 kennslustundir á önn

- Áætlaðar eru 34-38 kennslustundir á viku hverri í skólanáminu en 40 stunda vinnuvika í námsdvöl/verknámi og bóklegt nám að auki.

5.1 Búfræðibraut

Fyrri kennsluárið skiptist í haustönn sem er 14 kennsluvikur auk 2 prófvikna og í stutta vorönn í skóla (9-10 kennsluvikur auk prófa). Námsdvöl hefst að loknum þeim prófum og stendur yfir í þrjá mánuði (13 vikur). Hluti námsdvalar telst til seinna kennsluárs, sem auk þess skiptist í stutta haustönn (9-10 kennsluvikur auk prófa) og vorönn sem er 14 vikur og 2 prófavikur.

Við skiptingu námsins á búfræðibraut er miðað við eftirfarandi forsendur:

- Námstími á önn sem alfarið er tekin við skólann er 14 vikur auk tveggja prófavikna

- Námstími á skiptum önnum er 9-10 vikur í skóla auk próftíma

- Heildartími í námsdvöl er 13 vikur (lágmark 91 dagar)

5.2 Kennslubú

Búfræðibraut LBHÍ er í samstarfi við 70 til 80 kennslubú víðs vegar um landið. Bændur á þessum búum taka nemendur í námsdvöl í þrjá mánuði á tímabilinu apríl-júlí. Á búum þessum er að minnsta kosti einn aðili með búfræðimenntun eða æðri menntun í búvísindum. Nemendur taka þátt í öllum venjulegum bústörfum, auk þess sem þeir safna upplýsingum og

vinna verkefni tengd búrekstrinum undir handleiðslu bóndans og kennara við skólann. Námsdvöl á kennslubúí jafngildir heilli námsönn.

5.2.1 Undanþágur frá námsdvöl á bændabýlum

Nemanda með mikla starfsreynslu í búskap má veita undanþágu frá venjulegri námsdvöl og þarf hann þá að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- vera orðinn 25 ára
- hafa unnið við landbúnaðarstörf samfelld í 2 ár á síðastliðnum 5 árum.

Slíkar undanþágur gilda ekki um bóklega hluta námsdvalarinnar, verkefni og plöntusafn.

5.3 Garðyrkjubrautir

Kennsluárið skiptist í haust- og vorönn. Hvor önn er 14 kennsluvikur auk 2 prófvikna. Utan reglulegra kennsluanna er heimilt að skipuleggja starfsnám nemenda svo og sumamámskeið eftir því sem fram kemur í námsskrám.

5.4 Fjarnám

Heimilt er að bjóða upp á fjarnám við einstakar brautir í starfsmenntanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Skólinn setur sér sérstakar reglur um fjarnám.

6 Skólasókn

Við starfsmenntabrautir Landbúnaðarháskóla Íslands gildir sú regla um skólasókn að nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Mætingar í kennslustund skulu skráðar. Séu fjarvistir yfir 20% í einstökum áfanga hefur nemandi fyrirgert rétti sínum til námsmats í áfanganum. Fjarvistir vegna langvarandi veikinda skulu ekki lækka skólasóknareinkunn enda sé skilað læknisvottorði. Tilkynna þarf veikindi dag hvern **fyrir klukkan 9:00**. Sé þessu ekki fylgt fellur réttur til frádráttar fjarvistareininga niður.

Eftirfarandi reglur gilda um útreikninga á skólasóknareinkunn:

a) Í upphafi hverrar kennslustundar gerir kennari nafnakall og skráir mætingu. Sé nemandi ekki kominn þegar nafnakalli lýkur fær hann fjarvist.

Fjarvistir án tilgreindrar ástæðu eða mæting eftir að 15 mínútur eru liðnar af kennslustund teljast 2 fjarvistareiningar.

b) Mæti nemandi ekki stundvíslega í kennslustund telst það ein fjarvistareining.

c) Fáir nemandi leyfi skólayfirvalda til fjarveru úr kennslustund, án þess þó að brýna nauðsyn beri til telst slíkt ein fjarvistareining.

d) Við lok náms fá nemendur einkunn fyrir skólasókn. Skólasóknar er getið á prófskírteini. Einkunnin er fundin á eftirfarandi hátt:

Fyrir skólasókn 95 – 100% er gefin einkunnin 10

Fyrir skólasókn 92 – 94% er gefin einkunnin 9

Fyrir skólasókn 89 – 91% er gefin einkunnin 8

Fyrir skólasókn 86 – 88% er gefin einkunnin 7

Fyrir skólasókn 83 – 85% er gefin einkunnin 6

Fyrir skólasókn 81 – 82% er gefin einkunnin 5

Fyrir skólasókn 80 % er gefin einkunnin 4,5

Fari skólasókn undir 80% á önn er nemandinn fallinn og fær ekki að þreyta lokapróf.

6.1 Umsjón með skólasókn

Kennslustjóri hefur yfirumsjón með skólasókn nemenda. Kennarar skila mætingaryfirliti til kennsluskrifstofu í lok hverrar viku. Nemendur hafa aðgang að upplýsingum um skólasókn sína í gegnum nemendabókhalda. Skólasókn verður fyrst gerð upp eftir 4 vikur eða 20 kennsludaga en vikulega eftir það. Nemandinn ber á hverjum tíma ábyrgð á því að fylgjast með skólasókn sinni.

6.2 Brot á reglum um skólasókn

Ef raunmæting nemanda fer niður fyrir 90% af heildarkennslustundafjölda áfanga á önn aðvarar kennsluskrifstofa nemandann. Fari mæting niður fyrir 85% fær hann skriflega áminningu og tækifæri til að gefa kennslustjóra skýringar á fjarvistum sínum. Ef raunmæting nemanda fer niður fyrir 80% af heildarkennslustundafjölda í áfanga á önn er litid svo á að nemandinn hafi sagt sig úr viðkomandi áfanga. Jafnframt hefur nemandinn þá sagt sig úr skóla því hann getur ekki haldið áfram námi nema ljúka öllum áföngum viðkomandi annar. Honum er heimilt að endurtaka önnur próf, hafi hann próftökurétt í yfir 60% eininga annarinnar. Kennslustjóri tilkynnir nemendum, munnlega og skriflega, um úrsögn úr skóla.

6.3 Um fjarvistir vegna veikinda

Nemandi getur óskað þess að fá fjarvistir vegna langvarandi veikinda dregnar frá heildarfjarvistum sínum, enda sanni hann veikindi með vottorði læknis. Um slík tilfelli gilda eftirfarandi reglur:

- a) Sé nemandi fjarverandi vegna veikinda lengur en einn dag skal draga fjarvistir frá og með öðrum degi að fullu frá heildarfjarvistum, samkvæmt vottorði.
- b) Þurfi nemandi að leita sérstakrar lækniþjónustu teljast það ekki fjarvistir enda sé leyfi til fjarveru fengið fyrirfram og lækniþjónustan staðfest með vottorði. Vottorð skal berast eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að veikindum lýkur.
- c) Veikindi skulu tilkynnt með tölvupósti til kennsluskrifstofu eða á skiptiborð skólans **fyrir kl. 9:00** að morgni hvers veikindadags.

6.4 Um undanþágur frá skólasókn

Almennt er litid svo á að nám við starfsmenntabrautir LbhÍ sé fullt starf og ætlast til að námið sé stundað með það að leiðarljósi.

Leyfi frá tímasókn eru almennt ekki veitt. Standi mjög sérstaklega á getur kennslustjóri þó veitt undanþágu frá þessu.

Ávallt skal þó miða við að leyfi úr verklegum tímum og öðrum þeim þáttum námsins sem skilyrt eru sem mætingarskyld, séu ekki veitt nema að höfðu samráði við viðkomandi kennara.

Nemandi getur sótt um að undanþágur frá skólasókn séu veittar t.d. vegna:

- Veikinda barna sem nemandi hefur á framfæri sínu
- Mjög alvarlegra veikinda annarra nákominna
- Útfarar nákomins ættingja/vinar
- Réttarhalda sem nemandi er kvaddur til
- Þátttöku í göngum og réttum (hámarksleyfi 20 tímar á önn)
- Björgunar afurða á eigin búi eða búi foreldra, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi
- Ófyrirsjáanlegrar ófærðar
- Annars sem kennslustjóri og eða kennslunefnd telur falla undir neyð sem krefst leyfis.

Sækja skal um undanþágur með góðum fyrirvara eftir því sem hægt er og framvísa gögnum/vottorðum, eftir því sem kennslustjóri fer fram á.

7 Umgengni

Nemendur skulu leitast við að valda samstarfsfólki ekki truflun og vanda umgengni um húsnæði og lendur skólans og fara í einu og öllu að reglum þar um.

Má hér benda á að mælst er til að nemandi sé annað hvort mættur við upphaf kennslustundar eða bíði að öðrum kosti þar til næsta kennslustund hefst. Einnig er mælst til að nemendur yfirgefi ekki kennslustund nema brýna nauðsyn beri til og þá með leyfi kennara, enda veldur umgangur í kennslustundum ónæði.

Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er óheimil í kennsluhúsnæði og námsferðum. Fartölvur séu ekki notaðar í kennslustundum, nema um beina notkun vegna kennslunnar sé að ræða. Nemendur sýni kennara og félögum sínum þá virðingu að fylgjast með framvindu kennslunnar í skólastofunni. Farsímar eru ekki leyfðir inni í kennslustofum nema í neyðartilfellum og þá eingöngu í samráði við kennara.

8 Um próf

8.1 Próftímabil, gerð prófa

Próf eru haldin að loknum tilgreindum fjölda kennsluvikna (sjá um lengd anna). Sjúkra- og endurtökupróf skal að öllu jöfnu halda vegna haustannar á tímabilinu fyrir 15. janúar og vegna vorannar fyrir 20. maí. Próftími fer eftir lengd anna, hann skal þó aldrei vera lengri en 2 vikur á hvorri önn. Próf í námsdvöl fer alla jafna ekki fram fyrir en 60 dögum er lokið af dvölinni.

Próf geta verið skrifleg, verkleg eða munnleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum þessara hluta. Skal um þetta vera samráð á milli kennslustjóra og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum í kennsluáætlun við upphaf kennslu í viðkomandi áfanga.

Vægi lokaprófs skal að jafnaði ekki vera minna en 50% af lokaekinnun nema um próflausan áfanga sé að ræða (á þessu geta þó verið undantekningar).

8.2 Skyndipróf

Á hverri námsönn er heimilt að halda skyndipróf. Úrlausnum skyndiprófa skal skila nemendum í kennslustund viðkomandi námsgreinar og getur nemandi gert athugasemd við einkunn í lok þeirrar yfirferðar. Heimilt er að láta skyndipróf gilda sem hluta af lokaeinkunn. Skyndipróf, ef haldin eru og vægi þeirra í lokaeinkunn, eru tilkynnt fyrirfram í kennsluáætlun.

8.3 Prófkörfur

Námsárangur má meta til einkunnar eftir námsverkefnum, skyndiprófum og áfangaprófum auk lokaprófs í hverri námsgrein. Um prófkörfur gildir eftirfarandi:

- Nemandi þarf ávallt að ná lágmarkseinkunninni 4,5 í lokaprófi hvers námsgreinar, óháð vægi þess. Heimilt er að krefjast hærri einkunnar.
- Einnig þarf meðaleinkunn námsverkefna í hverri námsgrein að ná lágmarkseinkunninni 4,5.
- Heimilt er að krefjast lágmarkseinkunnar í einstökum verkefnum.
- Heimilt er að setja ákveðin skilyrði – önnur en lágmarkseinkunn til að nemandinn standist áfangann.
- Skyndipróf reiknast inn í lokaeinkunn en eru þó undanþegin ákvæðum um lágmarkseinkunn.
- **Prófkörfur hvers áfanga skulu koma fram í kennsluáætlun sem afhent er nemendum í upphafi annar.**

Úrlausnir skriflegra prófa skulu metnar af viðkomandi kennara. Heimilt er að kalla til prófdómara við munnleg og verkleg próf, í samráði við kennslustjóra. Vilji nemandi gera athugasemdir við lokaeinkunn sína, skal hann skila þeim skriflegum til kennslustjóra innan þriggja virkra daga frá prófsýningu. Skólanum er skylt að varðveita skriflegar úrlausnir nemenda í samræmi við almennar reglur sem þar um gilda.

8.4 Um framkvæmd prófa

Kennarar standa fyrir prófum í samráði við kennslustjóra. Ætla skal eina klukkustund fyrir hverja byrjaða námseiningu á lokaprófi, hámarkslengd skriflegra prófa eru þrjár klukkustundir en verklegra prófa fjórar klukkustundir.

Heimilt er að veita nemendum með staðfesta lestrarörðugleika og erlendum nemendum lengdan próftíma - tuttugu mínútur fyrir hverja námseiningu.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag en eins fljótt og nauðsyn krefur vegna brautskráningar. Próftöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst.

Kennsluskrifstofa sér um færslu lokaeinkunna, varðveislu þeirra og birtingu. Kennslustjóri eða staðgengill hans skal vera tiltækur meðan próf stendur yfir.

8.5 Reglur um próftöku

- Nemendur skulu mæta stundvíslega til prófs. Mæti nemandi eftir að 15 mínútur eru liðnar af auglýstum próftíma fær hann ekki að þreyta prófið.
- Enginn má skila úrlausnum fyrr en ein klukkustund er liðin frá upphafi auglýsts próftíma, nema annað sé tekið fram. Ef nemandi lýkur prófi áður en heimiluðum próftíma lýkur er honum heimilt að fara úr prófstofu en skal gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað.

- c) Í öllum skriflegum prófum á að skila prófspurningum, úrlausnum og krassblöðum til þess er situr yfir í prófinu að prófi loknu. Prófspurningar úr reglulegum prófum verða síðan varðveittar á bókasafni skólans í fimm ár öllum aðgengilegar.
- d) Nemendur mega ekki hafa yfirhafnir, töskur, farsíma eða annan búnað sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum við prófborðið. Ekki má valda truflun í prófstofu með neyslu matar eða drykkjar.
- e) Nemendum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á salerni og þá undir eftirliti fylgdarmanns.
- f) Nemandi skal skila prófúrlausn með nafni sínu og kennitölu.
- g) Nemendur eiga rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennari sem heldur próf skal að öllu jöfnu vera tiltækur á meðan próf stendur yfir. Nemar sem velja að taka próf utan skólans, eiga ekki kost á slíkum útskýringum.
- h) Nemendum eru birtar einkunnir á eigin heimasvæði í nemendabókhalda skólans.
- i) Fjarnemum skal standa til boða, eftir því sem unnt er, að taka próf nærri heimili sínu ef samningar nást þar um við menntastofnanir (eða aðra aðila sem LbhÍ samþykkir) í næsta nágrenni. Fjarnemar standa sjálfir straum af þeim kostnaði sem af slíku fyrirkomulagi hlýst. Nemandi í reglubundnu námi getur óskað þess við prófstjóra að taka próf annars staðar en á prófstað Landbúnaðarháskólans. Kennslustjóra er þá heimilt, ef brýnar ástæður ber til, að heimila nemanda að taka prófið í annari menntastofnun (eða á öðrum viðurkenndum prófstað) enda hafi verið samið fyrirfram um slíkt fyrirkomulag og þessi framkvæmd hafi engan aukakostnað í för með sér fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands.
- j) Við próf má nota þau gögn ein sem kennari leyfir. Nemendum sem eru í prófi er óheimilt að aðstoða aðra sem í prófi eru við prófúrlausnir eða leita aðstoðar annarra. Óheimilt er utanaðkomandi að veita nemanda aðstoð í prófi. Nemendum í prófi er óheimilt að tala saman meðan á prófi stendur. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum sem Háskólaráð setur, varðar vísan frá prófi og eftir atvikum viðurlögum samkvæmt 5 gr. laga nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu.
- k) Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af honum og kennslustjóri eða staðgengill hans kallaður til. Máli nemandans skal síðan vísað til rektors kennslumála til úrskurðar.
- l) **Nemandi sem ekki getur mætt til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst.** Læknisvottorði skal skila til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns.

8.6 Um einkunnagjöf

Lokaeinkunn í hverri námsgrein skal gefin frá 0 til 10 með einum aukastaf. Mæti nemandi ekki til prófs og gefur engar skýringar telst hann fallinn í prófinu. Ef einkunn samanstendur af nokkrum námsþáttum skal gefa einkunn með einum aukastaf fyrir hvern námsþátt. Meðaleinkunn námsgreina reiknast með einum aukastaf. Til að nemandi standist lokapróf skal hann hljóta að minnsta kosti 4,5 í meðaleinkunn. Til að ljúka áfanga þarf lágmarkseinkunn 4,5. Heimilt er að gera frekari kröfur til nemenda í kennsluáætlun.

Annareinkunn reiknast sem vengið meðaltal lokaeinkunna allra námsáfanga á hverri önn og skal gefin með einum aukastaf. Kennari ber ábyrgð á því að birta nemendum sundurliðun einkunna í viðkomandi áföngum, ef námsmat er samansett úr tveimur eða fleiri þáttum.

Í verknámi garðyrkjubrauta skal gefa einkunn fyrir dagbók og aðra verknámsþætti með heilum tölum frá 0-10. Við útreikninga á einkunn fyrir dagbókarskyllt verknám skal nota vengið meðaltal.

Hætti nemandi í áfanga er áfanginn merktur H í prófskírteini. Fall er merkt sem F, metinn áfangi sem M og staðinn sem S. Hafi nemandi farið í sjúkra- eða endurtökupróf kemur slíkt fram á prófskírteini.

8.7 Um endurtöku prófa o.fl.

Nemandi hefur rétt á að endurtaka lokapróf í áfanga tvisvar hafi hann ekki staðist lágmarkseinkunn í prófinu. Til að eiga rétt á að endurtaka lokapróf í áfanga þarf nemandi að hafa staðist að lágmarki 60% eininga á hverri önn. Heimili kennslustjóri endurtöku er æskilegt að hún fari fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunn skal gilda og halda verkefni vægi sínu á móti þeirri einkunn.

Komi sú staða upp að verkefni standist ekki þær kröfur um lágmarkseinkunn sem gerðar eru skv. grein 8.3, skal eftirfarandi gilda: Kennari í samráði við kennslustjóra, getur ákveðið að nemandi vinni sérstakt (sérstök) verkefni til úrbóta á fyrri verkefnaeinkunn. Slík verkefni geta annað tveggja verið ígildi eins verkefnis eða ígildi allra verkefna annarinnar. Hvor leiðin sem valin er, fer eftir mati þessara tveggja aðila hverju sinni og skal stutt rökum þeirra, varðandi ákvörðun um umfang. Skiladagur skal að jafnaði vera innan tveggja vikna frá því að nemandi er kynnt verkefnið. Heimilt er að hafa þennan tíma styttri ef umfang verkefnis eða aðstæður gefa tilefni til. Endurunnin verkefni, skv. framansögðu, geta aldrei gefið hærri einkunn en lágmarkseinkunn eins og hún er skilgreind í kennsluáætlun/reglum skólans.

Háskólaráð setur reglur um gjaldtöku fyrir endurtökupróf.

Falli nemandi á önn standa þeir áfangar þar sem einkunn er 6,0 eða hærri.

9 Prófskírteini

Að loknu bóklegu námi skal afhenda nemendum skírteini með prófseinkunnum fyrir hverja námsgrein á hverri önn.

Aðaleinkunn er vegið meðaltal ofangreindra **einkunna**. Einnig skal skrá á prófskírteinið skólasókn nemandans samkvæmt skólasóknarreglum. Að loknu verknámi á garðyrkju-brautum skal afhenda nemandi skírteini, sem á er skráð yfirlit yfir verknám hans, hvar hann stundaði það, hve lengi, einkunnir fyrir vinnudagbók og aðrar einkunnir sem tengjast því. Einkunn fyrir dagbók garðyrkjubrauta reiknast ekki inn í aðaleinkunn nemandi.

Enginn nemandi hefur lokið burtfararprófi fyrr en hann hefur lokið bæði bóklegu og verklegu námi.

Þeir einir, sem lokið hafa bóklegu og verklegu námi af garðyrkjubrautum LbhÍ eða hliðstæðu námi frá garðyrkjuskóla erlendis, hafa rétt til að bera starfsheitið garðyrkjufraeðingur. Þeir sem hafa lokið námi á búfræðibraut hafa rétt til að bera starfsheitið búfræðingur.

10 Stúdentspróf

Nokkrir framhaldsskólar meta nú próf af starfs- og endurmenntunardeild LbhÍ sem hluta eininga til stúdentsprófs. Nemendur eiga kost á því að fá metnar allt að 69 einingar til stúdentsprófs. Nánari

upplýsingar um þetta veitir kennslustjóri.

11 Fagnefndir

Fagnefndir skulu vera starfandi fyrir hverja námsbraut. Fagnefndir eru skipaðar til 4 ára í senn og í þeim sitja fulltrúar skólans, atvinnulífsins og viðkomandi fagfélaga. Hlutverk fagnefnda er að vera skólanum til ráðgjafar um skipulag námsins, námsefni og endurmenntun. Brautarstjóri viðkomandi brautar er fulltrúi skólans í viðkomandi fagnefnd og jafnframt formaður nefndarinnar. Endurmenntunarstjóri stofnunarinnar situr fundi fagnefnda og samræmir hugmyndir að endurmenntunarnámskeiðum.

Eftirtöldum aðilum skal boðið að skipa fulltrúa í fagnefndir:

Blómaskreytingabraut

Félag blómaskreyta,
Félag iðn- og tæknigreina,
Samband garðyrkjubænda (blómaframleiðendur) og
Samtök verslunar og þjónustu.

Búfræðibraut

Hagsmunafélag ráðunauta,
Landsamband kúabænda,
Félag hrossabænda,
Landsamtök sauðfjárbænda og
Bændasamtök Íslands.

Garð- og skógarplöntubraut

Samband garðyrkjubænda (garðplöntuframleiðendur),
Félag iðn- og tæknigreina,
Rannsóknastofnun skógræktar á Mógilsá,
Landshlutabundin skógræktarverkefni.

Skrúðgarðyrkjubraut

Félag iðn- og tæknigreina,
Félag skrúðgarðyrkjumeistara,
Félag landslagsarkitekta og
Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitafélaga.

Skógræktarbraut

Félag iðn- og tæknigreina,
Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitafélaga,
Landsamtök skógareigenda,
Landshlutabundin skógræktarverkefni,
Skógrækt ríkisins.

Umhverfisbraut

Félag iðn- og tæknigreina,
Félag landslagsarkitekta,
Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitafélaga,
Landgræðsla ríkisins og
Umhverfisstofnun.

Ylræktarbraut

Félag iðn og tæknigreina,
Samband garðyrkjubænda (grænmetis-framleiðendur),
Samband garðyrkjubænda (blómaframleiðendur),
Bændasamtök Íslands.

Tilnefna skal aðalmann og varamann. Formaður nefndarinnar sér um að boða hverja fagnefnd til funda og stýrir þeim. Að jafnaði skal boða til funda einu sinni á hverri önn. Hver tilnefningaraðili ber kostnað af sínum fulltrúa.

Samþykkt í háskólaráði 21. maí 2008 og tók gildi 1 júlí 2008